

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 221/2014****2015/EES/52/13****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 frá 26. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 629/2014 frá 12. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2014 frá 13. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu flúbendíamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 678/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klópýralíð, sýpródínílf, fosetýlf, pýrimetanílf og trínexapak <sup>(5)</sup>.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
  - „– **32014 R 0563**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 (Stjtið. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5),
  - **32014 R 0571**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 frá 26. maí 2014 um (Stjtið. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96),
  - **32014 R 0629**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 629/2014 frá 12. júní 2014 (Stjtið. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 33),
  - **32014 R 0632**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2014 frá 13. maí 2014 (Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 1),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 11.

- **32014 R 0678**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 678/2014 frá 19. júní 2014 (Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 11).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 13zzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 504/2014):
- „13zzzzc. **32014 R 0563**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5).
- 13zzzzd. **32014 R 0571**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 571/2014 frá 26. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu ipkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 157, 27.5.2014, bls. 96).
- 13zzzze. **32014 R 0629**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 629/2014 frá 12. júní 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni (Stjtið. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 33).
- 13zzzzf. **32014 R 0632**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2014 frá 13. maí 2014 um samþykki fyrir virka efninu flúbendíamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 563/2014, (ESB) nr. 571/2014, (ESB) nr. 629/2014, (ESB) nr. 632/2014 og (ESB) nr. 678/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014 frá 30. september 2014 <sup>(6)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(6) Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.7.2015, bls. 57.